

# Fundur faghóps

## Áherslur 2026

Dags. 26.nóvember 2025

### Fólk

| Nafn           | Hlutverk                                         |
|----------------|--------------------------------------------------|
| Rakel          | Byggðapróunarfulltrúi Uppsveita Árnessýslu       |
| Valtýr         | Sveitarstjóri Ásahrepps                          |
| Ösp            | Markaðs- og kynningarfulltrúi Rangárþingi ytra   |
| Simmi          | Markaðs- og kynningarfulltrúi Rangárþingi eystra |
| Einar Freyr    | Sveitarstjóri Mýrdalshrepps                      |
| Einar Kristján | Sveitarstjóri Skaftárhrepps                      |
| Unnur          | Byggðapróunarfulltrúi Skaftárhrepps              |
| Halldóra       | Ferðamálafulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar  |
| Jóhannes       | Katla UNESCO jarðvangur                          |
| Vala           | Markaðsstofa Suðurlands - verkefnastjóri         |
| Ragnhildur     | Markaðsstofa Suðurlands - framkvæmdastjóri       |

Forföll: Hera (Árborg) og Hulda (Flóahreppur). Sigríður (Hveragerði).

### Dagskrá

- Nýir meðlimir í hópnum
- Verkefni og áherslur næsta árs - tillögur sveitarfélaga
- Samstarf sveitarfélaga við Markaðsstofu Suðurlands: hvað er gagnlegt, hvað má bæta?
- Förum hringinn - hvað er að fréttu af ferðamálum?

## Fundarpunktur

- Harpa Elín kvödd og henni þakkað fyrir gott starf.
- Rakel kynnir sig í hópinn sem nýr byggðapróunarfulltrúi Uppsveita Árnessýslu. Lína Björg hefur verið ráðin sem verkefnastjóri hjá SASS.

### Áherslur næsta árs:

Vala fer stuttlega yfir verkefni og áherslur síðasta árs. Spyr hópinn hvaða áskoranir þarf að tækla og hvaða tækifæri mætti nýta á komandi ári.

Faghópsfulltrúar leggja orð í belg:

Tækifæri

- **Lengri dvöl** gesta er lykilatriði til að gera ferðapjónustu á Suðurlandi sjálfbæra og arðbærari. Þá verður meira eftir í hagkerfinu, aukin þátttaka í menningartengdum viðburðum og aukin eftirspurn eftir staðbundinni vöru og þjónustu. Um leið gerir lengri dvöl það að verkum að gestir dreifast betur í tíma og rúmi.
- Aukið samtal og **samvinna innan svæða** - ferðapjónustuaðilar hittist í persónu til skrafs og ráðagerða.
- **Sögutengd ferðapjónusta** á Suðurlandi
- **Sólmyrkvinn** 12.ágúst 2026
- Myrkurgæði: Rangárþing eystra og ytra hafa verið að skoða myrkurgæði. **Norðurljósabílastæði** eru á borði byggingarfulltrúa og garðyrkjustjóra Rangárþings eystra, og vinna hafin við að fá alþjóðlega myrkurgæðavottun.

Áskoranir

- Öryggismálum er ábótavant.
  - **Neyðarþjónusta:** Vegalengdir eru miklar, næsti sjúkrabíll getur verið mjög langt í burtu og neyðarþjónusta fáliðuð. *Dæmi 1:* Í Skaftárhreppi er oftast langt í næsta sjúkrabíl. *Dæmi 2:* Á Geysi og Gullfossi eru þúsundir manns daglega og ekki dugar að hafa viðveru sjúkrabíls á þingvöllum.

- **Jöklaferðir:** Óvissa um hver mun fara með eftirlit eða útgáfu leyfa utan þjóðgarða. Dæmi: Enginn hefur yfirsýn yfir jöklaferðapjónustu á Sólheimajökli þar sem miklar hættur eru til staðar fyrir óreynda.
- **Vegamál:** Víða er pottur brotinn í umferðaröryggi.
- Ferðamannastaðir geta óvænt og skyndilega orðið vinsælir.
  - Rangárþing ytra stefnir á **kortlagningu og flokkun áfangastaða** til að vera í stakk búin að bregðast við eða fyrirbyggja óvæntar vinsældir staða.
  - Vala minnir á **Handbók sveitarfélaga um uppbyggingu ferðamannastaða** til stuðnings fyrir þessa vinnu, sérstaklega viðauka aftast í handbókinni.
- **Gjaldtaka** á ferðamannastöðum - ríki þarf að skýra sínar línur svo aðrir geti fylgt í kjölfarið.

### ***Hvað getur Markaðsstofan gert fyrir sveitarfélögin á næstunni?***

- Leiðbeina sveitarfélögum og fyrirtækjum um grunn skref í **gervigreindarbestun** vefs
- **Gervigreindarbesta south.is** með áherslu á áfangastaði og þjónustu sveitarfélaga
- **Samkeyra viðburðadagatöl** á milli vefa --> Sameiginlegt kynningarátak --> valdefla fólk í að setja inn viðburði sjálft.
- Auðvelda sveitarfélögum að loka sínum ferðamannavefum

### ***Hringurinn***

- **Hornafjörður:** Ferðapjónusta er í vetrarlægð akkúrat núna, ekki margir á svæðinu. Vinna að nýja miðbænum með hugmyndafræðina *build it for the locals and the rest will come*.
- **Skaftárhreppur:** Lítið að fréttu núna í nóvember, fólk virðist stoppa í Vík og bruna þaðan á Jökulsárlón og til baka.

- **Mýrdalshreppur:** Ásættanlegur fjöldi, aðeins minna núna í nóvember til febrúar og svo fer að fjölga. Uppbygging í gangi - Penninn er að byggja verslunarhúsnæði og
- **Rangárþing eystra:** Gott að fá nýtt hótél inn á Hvolsvöll með veitingastað, og fleiri hótél á teikniborðinu. Sótt um styrk til að opna betur fyrir hópa í Múlakoti í Fljótshlíð, gæti haft jákvæð áhrif í Fljótshlíð.
- **Katla UNESCO jarðvangur:** Vísindaferðir á vegum jarðvangsins sem fjármagna eitt starf og eflir vísindarannsóknir á svæðinu. Jarðvangurinn stefnir á að efla athuganir á öryggismálum varðandi náttúruvá. Grunnskólaverkefni eru í gangi í öllum þremur sveitarfélögum. Klaustur: vakta Skaftá, skrá alla gervigíga, og rannsaka náttúru umhverfis skólann. Hvolsvöllur: Sólheimajökull og Drumbabót. Vík:
- **Rangárþing ytra:** Stefnt á fund með ferðapjónustunni í janúar. Stöðug uppbygging, litlar gistieiningar spretta upp eins og gorkúlur. Þjónusta er aðeins að eflast - nýir veitingastaðir, brugghús og fleira til að gera á svæðinu. Hönnunarvinna fyrir Sigöldugljúfur er hafin. Verður unnið á sem náttúrulegastan hátt með sem minnstu landraski. Hönnunarvinnu verður lokið í apríl. Sóttu um styrk fyrir framkvæmdum 2026. Verið að byggja upp Landvegin, og miklar framkvæmdir hjá Landsvirkjun sem munu líklega hafa góð áhrif á ferðapjónustu í Landsveit og Þjórsárdal.
- **Ásahreppur:** Frekar rólegt í ferðapjónustu í nóvember en von á að allt fari á fullt skrið í febrúar. Menn hafa miklar væntingar með uppbyggingu Landvegar og það mun auka öryggi og flæði ferðamanna. Vindorkuver í Vaðöldu, stækkun Sigölduvirkjunar og undirbúningur Hvammsvirkjunar. Sólarkuver í skoðun - hugsanlega hægt að nota sólarorkuverssvæði sem afrétt fyrir fé. Grænar samgöngur enn í vinnslu, hreppurinn mun setja á þriðja tug milljóna í uppbyggingu grænna útivistarstíga á næsta ári.

- **Uppsveitir:** Laugarás lagoon loksins opnað, gífurleg aðsókn um helgar og aðdáunarvert að sjá hvernig þau hafa unnið uppbygginguna í samvinnu við sveitarfélagið. Hafa t.d. verið í samskiptum við bændur og matvælaframleiðendur á svæðinu um mat. Fontana er tímabundið lokað vegna breytinga er komið í eigu Bláa lónsins að hluta. Mjög mikið að gerast í menningunni þrátt fyrir að svæðið eigi sér ekki menningarhús. Gististaðir eru enn að bæstast við á svæðinu. Frábært úrval veitingastaða. Það þarf að byggja upp sjálfstraust bændna og vekja betur athygli á þeirra framlagi til ferðaþjónustunnar og samfélagsins.

### ***Aðgerðir eftir fundinn***

| Verkefni                                                                           | Umsjón                        | Staða |
|------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------|-------|
| Hafa samband við Stefnu um möguleikann á að tengja saman sunnlensk viðburðadagatöl | Ragnhildur Sveinbjarnardóttir | Hafið |
| Gervigreindarbesta south.is með áherslu á áfangastaði og þjónustu sveitarfélaga    | Hrafnhildur Árnadóttir        | Hafið |
| Athuga með fræðslu til sveitarfélaga um gervigreindarbestun vefs                   | Vala Hauksdóttir              | To do |

### ***Tengt efni***

[Áfangastaðaáætlun](#)

[Handbók um uppbyggingu ferðamannastaða](#)

[Uppbygging áfangastaða | Áfangastaðaáætlun](#)